

**FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/100****2018/EES/33/14****frá 22. janúar 2018**

um breytingu á tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB og 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB, í þeirri röð, að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna og grænmetistegunda í landbúnaði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/53/EB frá 13. júní 2002 um sameiginlega skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði ⁽¹⁾, einkum a- og b-lið 2. mgr. 7. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu grænmetisfræs ⁽²⁾, einkum a- og b-lið 2. mgr. 7. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB ⁽³⁾ og 2003/91/EB ⁽⁴⁾ voru samþykktar til að tryggja að yrki, sem aðildarríkin bæta við landskrár sínar, samrýmist þeim aðferðarlýsingum sem yrkisskrifstofa Bandalagsins (CPVO) hefur sett að því er varðar þá eiginleika sem athugun á hinum ýmsu tegundum skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á yrkjum, að svo miklu leyti sem slíkar aðferðarlýsingar hafa verið settar. Að því er varðar yrki, sem falla ekki undir aðferðarlýsingar yrkisskrifstofu Bandalagsins, er í þessum tilskipunum kveðið á um að viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja (UPOV) skuli gilda.
- 2) Frá því að síðasta breyting var gerð á tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB með framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar ⁽⁵⁾ hafa yrkisskrifstofa Bandalagsins og Alþjóðasambandið um vernd nýrra plöntuyrkja fastsett frekari aðferðarlýsingar og viðmiðunarreglur og hafa uppfært þær sem fyrir voru.
- 3) Því ætti að breyta tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Í stað I. og II. viðauka við tilskipun 2003/90/EB komi texti A-hluta viðaukans við þessa tilskipun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 17, 23.1.2018, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2018 frá 27. apríl 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar)

(1) Stjttíð. EB L 193, 20.7.2002, bls. 1.

(2) Stjttíð. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33.

(3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB frá 6. október 2003 um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna í landbúnaði (Stjttíð. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 7).

(4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/91/EB frá 6. október 2003 um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum grænmetistegunda (Stjttíð. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 11).

(5) Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1914 frá 31. október 2016 um breytingu á tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB og 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB, í þeirri röð, að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna og grænmetistegunda í landbúnaði (Stjttíð. ESB L 296, 1.11.2016, bls. 7).

2. gr.

Í stað viðaukanna við tilskipun 2003/91/EB komi texti B-hluta viðaukans við þessa tilskipun.

3. gr.

Að því er varðar athuganir, sem hófust fyrir 1. september 2018, er aðildarríkjunum heimilt að beita þeim útgáfum af tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB sem voru í gildi áður en þeim var breytt með þessari tilskipun.

4. gr.

Aðildarríkin skulu samþykka og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. ágúst 2018. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. september 2018.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

5. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. janúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

A-HLUTI

„I. VIÐAUKI

Skrá yfir tegundir, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja tæknilegum aðferðarlýsingum yrkisskrifstofu Bandalagsins (CPVO) ⁽¹⁾

Vísindaheiti	Almennt heiti	Aðferðarlýsing yrkisskrifstofu Bandalagsins
<i>Festuca arundinacea</i> Schreb.	Tágavingull	TP 39/1 frá 1.10.2015
<i>Festuca filiformis</i> Pourr.	Þráðvingull	TP 67/1 frá 23.6.2011
<i>Festuca ovina</i> L.	Sauðvingull	TP 67/1 frá 23.6.2011
<i>Festuca pratensis</i> Huds.	Hávingull	TP 39/1 frá 1.10.2015
<i>Festuca rubra</i> L.	Rauðvingull	TP 67/1 frá 23.6.2011
<i>Festuca trachyphylla</i> (Hack.) Krajina	Skrápvíngull	TP 67/1 frá 23.6.2011
<i>Lolium multiflorum</i> Lam.	Ítalskt rýgresi	TP 4/1 frá 23.6.2011
<i>Lolium perenne</i> L.	Vallarrýgresi	TP 4/1 frá 23.6.2011
<i>Lolium × hybridum</i> Hausskn.	Rýgresisblendingur	TP 4/1 frá 23.6.2011
<i>Pisum sativum</i> L.	Fóðurertur	TP 7/2, 2. endursk. frá 15.3.2017
<i>Poa pratensis</i> L.	Vallarsveifgras	TP 33/1 frá 15.3.2017
<i>Vicia sativa</i> L.	Fóðurflækja	TP 32/1 frá 19.4.2016
<i>Brassica napus</i> L. var. <i>napobrassica</i> (L.) Rchb.	Gulrófa	TP 89/1 frá 11.3.2015
<i>Raphanus sativus</i> L. var. <i>oleiformis</i> Pers.	Fóðurhreðka	TP 178/1 frá 15.3.2017
<i>Brassica napus</i> L.	Fóðurrepja	TP 36/2 frá 16.11.2011
<i>Cannabis sativa</i> L.	Hampur	TP 276/1 frá 28.11.2012
<i>Glycine max</i> (L.) Merr.	Sojabaunir	TP 80/1 frá 15.3.2017
<i>Gossypium</i> spp.	Baðmull	TP 88/1 frá 19.4.2016
<i>Helianthus annuus</i> L.	Sólblóm	TP 81/1 frá 31.10.2002
<i>Linum usitatissimum</i> L.	Lín (spunalín, olíulín)	TP 57/2 frá 19.3.2014
<i>Sinapis alba</i> L.	Hvítur mustarður	TP 179/1 frá 15.3.2017
<i>Avena nuda</i> L.	Snoðhafrar	TP 20/2 frá 1.10.2015
<i>Avena sativa</i> L. (þ.m.t. <i>A. byzantina</i> K. Koch)	Hafrar	TP 20/2 frá 1.10.2015
<i>Hordeum vulgare</i> L.	Bygg	TP 19/4 frá 1.10.2015
<i>Oryza sativa</i> L.	Hrísgrjón	TP 16/3 frá 1.10.2015
<i>Secale cereale</i> L.	Rúgur	TP 58/1 frá 31.10.2002
<i>xTriticosecale</i> Wittm. ex A. Camus	Blendingar sem koma fram við kynblöndun tegunda af ættkvíslinni <i>Triticum</i> og tegunda af ættkvíslinni <i>Secale</i>	TP 121/2, 1. endursk. frá 16.2.2011
<i>Triticum aestivum</i> L.	Hveiti	TP 3/4, 2. endursk. frá 16.2.2011
<i>Triticum durum</i> Desf.	Harðhveiti	TP 120/3 frá 19.3.2014
<i>Zea mays</i> L.	Maís	TP 2/3 frá 11.3.2010
<i>Solanum tuberosum</i> L.	Kartöflur	TP 23/3 frá 15.3.2017

⁽¹⁾ Þessar aðferðarlýsingar eru á vefsíðu yrkisskrifstofu Bandalagsins (www.cpvo.europa.eu).

II. VIÐAUKI

Skrá yfir tegundir, sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja viðmiðunarreglum Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja að því er varðar prófanir ⁽¹⁾

Vísindaheiti	Almennt heiti	Viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja
<i>Beta vulgaris</i> L.	Fóðursykkurrófa	TG/150/3 frá 4.11.1994
<i>Agrostis canina</i> L.	Týtulíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
<i>Agrostis gigantea</i> Roth.	Stórlíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
<i>Agrostis stolonifera</i> L.	Skriðlíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
<i>Agrostis capillaris</i> L.	Hálíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
<i>Bromus catharticus</i> Vahl	Sólfax	TG/180/3 frá 4.4.2001
<i>Bromus sitchensis</i> Trin.	Sitkafax	TG/180/3 frá 4.4.2001
<i>Dactylis glomerata</i> L.	Axhnoðapunktur	TG/31/8 frá 17.4.2002
<i>xFestulolium</i> Asch. et Graebn.	Blendingar sem koma fram við kynblöndun tegunda af ættkvíslinni <i>Festuca</i> og tegunda af ættkvíslinni <i>Lolium</i>	TG/243/1 frá 9.4.2008
<i>Phleum nodosum</i> L.	Hnúðfoxgras	TG/34/6 frá 7.11.1984
<i>Phleum pratense</i> L.	Vallarfoxgras	TG/34/6 frá 7.11.1984
<i>Lotus corniculatus</i> L.	Akurmaríuskór	TG 193/1 frá 9.4.2008
<i>Lupinus albus</i> L.	Ljósálúpína	TG/66/4 frá 31.3.2004
<i>Lupinus angustifolius</i> L.	Lensúlúpína	TG/66/4 frá 31.3.2004
<i>Lupinus luteus</i> L.	Ilmlúpína	TG/66/4 frá 31.3.2004
<i>Medicago doliata</i> Carmign.	Broddrefasmári	TG 228/1 frá 5.4.2006
<i>Medicago italica</i> (Mill.) Fiori	Spærefasmári	TG 228/1 frá 5.4.2006
<i>Medicago littoralis</i> Rohde ex Loisel.	Randrefasmári	TG 228/1 frá 5.4.2006
<i>Medicago lupulina</i> L.	Svartrefasmári	TG 228/1 frá 5.4.2006
<i>Medicago murex</i> Willd.	Hnattrefasmári	TG 228/1 frá 5.4.2006
<i>Medicago polymorpha</i> L.	Dvergrefasmári	TG 228/1 frá 5.4.2006
<i>Medicago rugosa</i> Desr.	Úfrefasmári	TG 228/1 frá 5.4.2006
<i>Medicago sativa</i> L.	Refasmári	TG/6/5 frá 6.4.2005
<i>Medicago scutellata</i> (L.) Mill.	Skjaldrefasmári	TG 228/1 frá 5.4.2006
<i>Medicago truncatula</i> Gaertn.	Pornrefasmári	TG 228/1 frá 5.4.2006
<i>Medicago × varia</i> T. Martyn	Sandrefasmári	TG/6/5 frá 6.4.2005
<i>Trifolium pratense</i> L.	Rauðsmári	TG/5/7 frá 4.4.2001
<i>Trifolium repens</i> L.	Hvítsmári	TG/38/7 frá 9.4.2003
<i>Vicia faba</i> L.	Garðbaunir	TG/8/6 frá 17.4.2002
<i>Arachis hypogaea</i> L.	Jarðhnetur	TG/93/4 frá 9.4.2014
<i>Brassica rapa</i> L. var. <i>silvestris</i> (Lam.) Briggs	Nepjur	TG/185/3 frá 17.4.2002
<i>Carthamus tinctorius</i> L.	Litunarpistlar	TG/134/3 frá 12.10.1990
<i>Papaver somniferum</i> L.	Valmúi	TG/166/4 frá 9.4.2014
<i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench	Dúrri	TG/122/4 frá 25.3.2015
<i>Sorghum sudanense</i> (Piper) Stapf.	Akurdúrri	TG/122/4 frá 25.3.2015
<i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench × <i>Sorghum sudanense</i> (Piper) Stapf	Blendingar sem koma fram við kynblöndun <i>Sorghum bicolor</i> og <i>Sorghum sudanense</i>	TG/122/4 frá 25.3.2015 ⁴⁴

⁽¹⁾ Texta þessara viðmiðunarreglna er að finna á vefsíðu Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja (www.upov.int).⁴⁴

B-HLUTI

„I. VIÐAUKI

Skrá yfir tegundir, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja aðferðarlýsingum yrkisskrifstofu Bandalagsins (CPVO) að því er varðar prófanir ⁽¹⁾

Vísindaheiti	Almennt heiti	Aðferðarlýsing yrkisskrifstofu Bandalagsins
<i>Allium cepa</i> L. (Cepa-yrkishópur)	Laukar og bananaskalottlaukar (Echalion)	TP 46/2 frá 1.4.2009
<i>Allium cepa</i> L. (Aggregatum-yrkishópur)	Skalottlaukar	TP 46/2 frá 1.4.2009
<i>Allium fistulosum</i> L.	Pípulaukar	TP 161/1 frá 11.3.2010
<i>Allium porrum</i> L.	Blaðlaukar	TP 85/2 frá 1.4.2009
<i>Allium sativum</i> L.	Hvítlaukur	TP 162/1 frá 25.3.2004
<i>Allium schoenoprasum</i> L.	Graslaukur	TP 198/2 frá 11.3.2015
<i>Apium graveolens</i> L.	Sellerí	TP 82/1 frá 13.3.2008
<i>Apium graveolens</i> L.	Hnúðsillur	TP 74/1 frá 13.3.2008
<i>Asparagus officinalis</i> L.	Sperglar	TP 130/2 frá 16.2.2011
<i>Beta vulgaris</i> L.	Rauðrófur, þ.m.t. Cheltenham-rófur	TP 60/1 frá 1.4.2009
<i>Beta vulgaris</i> L.	Blaðbeðja	TP 106/1 frá 11.3.2015
<i>Brassica oleracea</i> L.	Grænkál	TP 90/1 frá 16.2.2011
<i>Brassica oleracea</i> L.	Blómkál	TP 45/2, endursk. frá 15.3.2017
<i>Brassica oleracea</i> L.	Spergilkál eða sprotakál	TP 151/2, endursk. frá 15.3.2017
<i>Brassica oleracea</i> L.	Rósakál	TP 54/2, endursk. frá 15.3.2017
<i>Brassica oleracea</i> L.	Hnúðkál	TP 65/1, endursk. frá 15.3.2017
<i>Brassica oleracea</i> L.	Blöðrukál, hvítkál og rauðkál	TP 48/3, endursk. frá 15.3.2017
<i>Brassica rapa</i> L.	Kínakál	TP 105/1 frá 13.3.2008
<i>Capsicum annuum</i> L.	Eldpipar eða paprikur	TP 76/2, endursk. frá 15.3.2017
<i>Cichorium endivia</i> L.	Hrokkinblaðssalat og breiðblaða salatfíflar	TP 118/3 frá 19.3.2014
<i>Cichorium intybus</i> L.	Iðnaðarsikoríur	TP 172/2 frá 1.12.2005
<i>Cichorium intybus</i> L.	Jólasalat	TP 173/1 frá 25.3.2004
<i>Citrullus lanatus</i> (Thunb.) Matsum. et Nakai	Vatnsmelónur	TP 142/2 frá 19.3.2014
<i>Cucumis melo</i> L.	Melónur	TP 104/2 frá 21.3.2007
<i>Cucumis sativus</i> L.	Gúrkur og smágúrkur	TP 61/2 frá 13.3.2008
<i>Cucurbita maxima</i> Duchesne	Tröllagrasker	TP 155/1 frá 11.3.2015
<i>Cucurbita pepo</i> L.	Grasker eða dvergbítar	TP 119/1 endursk. frá 19.3.2014
<i>Cynara cardunculus</i> L.	Ætípistlar og salatpistlar	TP 184/2 frá 27.2.2013
<i>Daucus carota</i> L.	Gulrætur og fóðurgulrætur	TP 49/3 frá 13.3.2008
<i>Foeniculum vulgare</i> Mill.	Fenníkur	TP 183/1 frá 25.3.2004
<i>Lactuca sativa</i> L.	Salat	TP 13/5, 2. endursk. frá 15.3.2017
<i>Solanum lycopersicum</i> L.	Tómatar	TP 44/4, 2. endursk. frá 19.4.2016
<i>Petroselinum crispum</i> (Mill.) Nyman ex A. W. (Hill)	Steinselja	TP 136/1 frá 21.3.2007
<i>Phaseolus coccineus</i> L.	Klifurbaunir	TP 9/1 frá 21.3.2007

⁽¹⁾ Þessar aðferðarlýsingar eru á vefsíðu yrkisskrifstofu Bandalagsins (www.cpvo.europa.eu).

Vísindaheiti	Almennt heiti	Aðferðarlýsing yrkisskrifstofu Bandalagsins
<i>Phaseolus vulgaris</i> L.	Buskabaunir og stangarbaunir	TP 12/4 frá 27.2.2013
<i>Pisum sativum</i> L. (partim)	Mergertur, hýðisertur og sykurertur	TP 7/2, 2. endursk. frá 15.3.2017
<i>Raphanus sativus</i> L.	Hreðkur, vetrarhreðkur	TP 64/2 endursk. frá 11.3.2015
<i>Rheum rhabarbarum</i> L.	Rabarbarar	TP 62/1 frá 19.4.2016
<i>Scorzonera hispanica</i> L.	Svartrót	TP 116/1 frá 11.3.2015
<i>Solanum melongena</i> L.	Eggaldin	TP 117/1 frá 13.3.2008
<i>Spinacia oleracea</i> L.	Spínat	TP 55/5, 2. endursk. frá 15.3.2017
<i>Valerianella locusta</i> (L.) Laterr.	Vorsalat eða lambasalat	TP 75/2 frá 21.3.2007
<i>Vicia faba</i> L. (partim)	Breiðbaunir	TP Broadbean/1 frá 25.3.2004
<i>Zea mays</i> L. (partim)	Sykurmaís og poppmaís	TP 2/3 frá 11.3.2010
<i>Solanum lycopersicum</i> L. × <i>Solanum habrochaites</i> S. Knapp & D.M. Spooner; <i>Solanum lycopersicum</i> L. × <i>Solanum peruvianum</i> (L.) Mill.; <i>Solanum lycopersicum</i> L. × <i>Solanum cheesmaniae</i> (L. Ridley) Fosberg	Grunnstofnar tómata	TP 294/1, 2. endursk. frá 15.3.2017
<i>Cucurbita maxima</i> × <i>Cucurbita moschata</i>	Tegundablandaðir blendingar <i>Cucurbita maxima</i> Duch. × <i>Cucurbita moschata</i> Duch. til notkunar sem grunnstofnar.	TP 311/1 frá 15.3.2017

II. VIÐAUKI

Skrá yfir tegundir, sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja viðmiðunarreglum Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja að því er varðar prófanir ⁽¹⁾

Vísindaheiti	Almennt heiti	Viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja
<i>Brassica rapa</i> L.	Næpur	TG/37/10 frá 4.4.2001
<i>Cichorium intybus</i> L.	Ítalskir kaffifíflar	TG/154/4 frá 5.4.2017 ⁴

⁽¹⁾ Texta þessara viðmiðunarreglna er að finna á vefsíðu Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja (www.upov.int).